**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1437 — 974. mál.**

# Fyrirspurn

**til fjármála- og efnahagsráðherra um fjárfestingarátak í fjáraukalögum fyrir árið 2020.**

Frá Njáli Trausta Friðbertssyni.

1. Hver voru framlög íslenska ríkisins vegna liðar 7.28 í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árið 2020, nr. 26/2020, til tímabundins fjárfestingarátaks til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu með arðbærum fjárfestingum sem auka eftirspurn eftir vinnuafli? Til hvaða verkefna fóru framlögin og hverju skiluðu þau?
2. Hversu mikið var hlutafé opinberra félaga aukið vegna liðar 7.29 í 4. gr. fyrrnefndra fjáraukalaga? Hversu mikil var aukningin í hverju félagi og hvaða fjárfestingar var ráðist í vegna framlaganna?
3. Hvert var framlag íslenska ríkisins vegna liðar 7.30 í 4. gr. fyrrnefndra fjáraukalaga og hvaða afurð skilaði Íslandsstofa?
4. Hvert var framlag íslenska ríkisins vegna liðar 7.32 í 4. gr. fyrrnefndra fjáraukalaga?

**Skriflegt svar óskast.**